

## SJÖUNDA TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 94/21/EB

frá 30. maí 1994

### um ákvæði varðandi sumartíma(\*)

#### EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFNA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 189. gr. b í sáttmálanum <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með sjöttu tilskipun ráðsins 92/20/EBE frá 26. mars 1992 um ákvæði varðandi sumartíma <sup>(4)</sup> var tekin upp sameiginleg dag- og tímasetning í öllu bandalaginu sem markaði upphaf sumartímans árin 1993 og 1994 og, til að marka lok hans þessi tvö ár, tvær mismunandi dagsetningar, önnur fyrir öll aðildarríkin nema Írland og Breska konungsríkið og hin fyrir Írland og Breska konungsríkið.

Þar sem aðildarríkin beita ákvæðum um sumartíma er mikilvægt, með tilliti til starfsemi innri markaðarins, að tekin verði upp sameiginleg dag- og tímasetning til að marka upphaf og lok sumartímans fyrir allt bandalagið sem gildir frá og með árinu 1995.

Með hliðsjón af dreifræðisreglunni er nauðsynlegt að til komi aðgerð af hálfu bandalagsins svo að tryggt sé að tímasetningin sé fullkomlega samhæfð með það í huga að auðvelda flutninga og samskipti og draga úr tilkostnaði.

Aðildarríkin líta svo á að rétt sé að miða lok sumartímans við októberlok en ekki við septemberlok eins og áður hefur tíðkast.

Kveða ber á um að sumartímanum ljúki í framtíðinni við endaðan október. Þar sem tiltekna greinar flutningsiðnaðarins þurfa

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttö. EB nr. L 164, 30. 6. 1994, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/95 frá 5. apríl 1995 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttö. EB nr. C 278, 16. 10. 1993, bls. 13.

(2) Stjttö. EB nr. C 34, 2. 2. 1994, bls. 21.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 17. desember 1993 (Stjttö. EB nr. C 20, 24. 1. 1994). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 4. mars 1994 (OJ nr. C 137, 19. 5. 1994, bls. 38) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 22. apríl 1994 (OJ nr. C 128, 9. 5. 1994).

(4) Stjttö. EB nr. L 89, 4. 4. 1992, bls. 28.

aðlögunartíma skal sumartímanum árið 1995, af tæknilegum ástæðum, þó ljúka við endaðan september.

Það ár skulu lok sumartímans miðast við aðra dagsetningu fyrir Írland og Breska konungsríkið eins og áður.

Samkvæmt 4. gr. sjöttu tilskipunarinnar skal ráðið fyrir 1. janúar 1994, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, kveða á um fyrirkomulag er gildir frá og með árinu 1995.

Af landfræðilegum ástæðum skulu sameiginleg ákvæði um sumartíma ekki gilda um umdæmi aðildarríkjanna handan hafsins.

Það getur verið gagnlegt að endurskoða sumartímaákvæðin og því skal einungis setja ákvæði fyrir árin 1995, 1996 og 1997.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Í þessari tilskipun merkir „sumartími“ þann tíma ársins þegar klukkunni er flýtt um 60 mínútur miðað við aðra tíma ársins.

##### 2. gr.

Í hverju aðildarríki um sig skal sumartíminn árin 1995, 1996 og 1997 hefjast kl. 1.00 að heimstíma (GMT) síðasta sunnudag í mars, þ.e.:

- árið 1995: hinn 26. mars,

- árið 1996: hinn 31. mars,

- árið 1997: hinn 30. mars.

##### 3. gr.

1. Í hverju aðildarríki um sig lýkur sumartímanum kl. 1.00 að heimstíma (GMT) síðasta sunnudag í september árið 1995 og síðasta sunnudag í október árin 1996 og 1997, þ.e.:

- árið 1995: hinn 24. september,

- árið 1996: hinn 27. október,

- árið 1997: hinn 26. október.

2. Á Írlandi og í Breska konungsríkinu lýkur sumartímanum árið 1995 hins vegar kl. 1.00 að heimstíma (GMT) fjórða sunnudag í október, þ.e. 22. október.

**4. gr.**

Ákveða skal fyrirkomulagið sem á að gilda frá og með árinu 1998 eigi síðar en 1. janúar 1997, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar sem skal lögð fram fyrir 1. janúar 1996.

**5. gr.**

Þessi tilskipun gildir ekki um umdæmi aðildarríkjanna handan hafsins.

**6. gr.**

Aðildarríkin skulu samþykkja lög og stjórnsýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1994. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

**7. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. maí 1994.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

**E. KLEPSCH**

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

**C. SIMITIS**

forseti.